

# FLÓRGOÐINN



## FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

5. tbl. 15. árgangur



### TALKÓR EIN TEGUND AF GÆSAHÚÐ



FRÁBÆR FLUTNINGUR FRAMKALLAÐI  
GÆSAHÚÐ HJÁ ÁHEYRENDUM

Óhætt er að segja að hróður nemenda og starfsfólks Áslandsskóla berist víða og stundum víðar en okkur grunar.

Ingibjörg Einarsdóttir, fyrrum skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, hélt upp á 70 ára afmæli sitt og eiginmanns síns í Hafnarborg á dögunum. Ingibjörg sem við hér köllum stundum "móður upplestrarkeppinnar" óskaði eftir því að talkór úr Áslandsskóla kæmi fram í afmælinu.

Þær Andrea Helga, Herborg og Hjördís Hrund, umsjónarkennarar í 5. bekk, þjálfuðu nemendur sem fluttu svo þrjár vísur í talkór á hátíðinni.

Það er varlega orðað að nemendur hafi slegið í gegn með flutningi sínum. Þeim var vel fagnað að flutningi loknum og framkölluðu gæsaúð meðal gesta.

### AUKIN LESSKILNINGUR HAFNFIRSKRA BARNNA ÆFINGIN SKAPAR MEISTARANN

Fjölmíðlar landsins hafa verið uppfyllir af fréttum af niðurstöðum PISA rannsóknar að undanförunu. Spekingar spretta upp úr öllum hornum þar sem niðurstaðan er ýmist hörmuð og á henni fundnar ýmsar skýringar, rannsókninni hallmælt þar sem til að mynda orðalag og stafsetning er

gagnrýnd, nú eða í undantekningar tilfellum að niðurstöðunni er fagnað. Það er einmitt hér í Hafnarfirði sem mælingar sýna auknar framfarir í lesskilningi á meðal hafnfirskra skólabarna. Við kætumst að sjálfsgöðu yfir því um leið og við minnum okkur á að slíkt er engin endastöð heldur miklu fremur mikilvægur áfangi á leið að bættum námsárangri.

Eins og fjallað var um í síðasta Flórigoða hefur Hafnarfjörður staðið fyrir miklu og

stóru verkefni, Lestur er lífsins leikur. En í því verkefni eru markmiðssetningar, mælingar og utanumhald um lestrarfærni- og skilning nemenda í forgrunni. Það er morgunljóst að verkefnið hefur jákvæð áhrif á árangur og framför.

Við í Hafnarfirði höfum verið svo lánsöm að hýsa risastórt læsisverkefni, Stóru og síðar líka Litlu upplestrarkeppnina. Þar fer fram markviss þjálfun og kennsla í lestri, upp-lestri, framkomu og háttvísi. Nemendur eru þjálfaðir í að túlka / skilja texta og ljóð, hvernig maður á að bera sig að við að koma fram og flytja mál sitt, auk þess sem áheyrendur fá góða þjálfun í hlustun, sem er líka mikilvægt atriði. Þá flytja nemendur einnig saman texta og slíkt þjálfar auðvitað samhæfingu og tímasetningu í flutningi texta.





## JÓLADAGSKRÁ

Jólahald í Áslandsskóla 2016

JÓLAHALD í Áslandsskóla verður með hefðbundnu sniði. Jólaböll, stofu jól og jólamorgunstundir.

Jólamorgunstundir eru þriðjudaginn 13. desember í miðdeild og fimmtudaginn 15. desember í yngrideild.

Á jólamorgunstundum er byrjað á því að nemendur í 5. bekk sýna helgileikinn en síðan eru bekkir/árgangar með eitt stutt jólalegt atriði.

Sameiginleg jólasöngstund er mánudaginn 19. desember en þá kemur allur skólinn saman og syngur jólalög. Gaman væri ef nemendur mæta í einhverju jólalegu (jólahúfur, jólapeystur/boli) þennan dag.

Eftirfarandi dagskrá á við um þriðjudaginn 20. desember nema annað sé tekið fram sérstaklega.

1. bekkur Jólaball 9.00-9.55  
Stofujól 8.10-9.00  
2. bekkur Jólaball 8.10-9.00  
Stofujól 9.00-10.00

3. bekkur Jólaball 10.00-10.50  
Stofujól 9.10-10.00  
4. bekkur Jólaball 11.00-11.50  
Stofujól 10.00-11.00  
5. bekkur Jólaball 12.00-12.50  
Stofujól 11.10-12.00  
6. bekkur Jólaball með Tjarnarási 19. desember  
Stofujól 9.00-10.00 þann 20. desember  
7. bekkur Jólaball 17.00-19.00 19. desember í Ásnum  
Stofujól 9.30-10.30 20. desember  
8. bekkur Jólaball kl. 20.00-22.00 19. desember í Ásnum  
Stofujól kl. 19.00-20.00 19. desember  
9. bekkur Jólaball kl. 20.00-22.00 19. desember í Ásnum  
Stofujól kl. 19.00-20.00 19. desember  
10. bekkur Jólaball kl. 20.00-22.00 19. desember í Ásnum  
Stofujól kl. 19.00-20.00 19. desember

Í lok jólaballs hjá 5. bekk afhendum við fulltrúm Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar söfnunarfé frá skólasamfélaginu í Áslandsskóla.

## ÞAÐ Á AÐ GEFA BÖRNUM BRAUÐ

Það á að gefa börnum brauð  
að bita í á jólunum,  
kertaljós og klæðin rauð,  
svo komist þau úr bólunum,.

Væna flís af feitum sauð,  
sem fjalla gekk á hólunum.  
Nú er hún gamla Grýla dauð,  
gafst hún upp á rólunum.





## RATLEIKUR

Nemendur og starfsfólk fóru á kostum í fullveldisratleik þann 1. desember

Óhætt er að segja að nemendur og starfsfólk hafi farið á kostum í fullveldisratleik Áslandsskóla þann 1. desember síðastliðinn.

Þessi skemmtilega hefð að hafa þennan dag sem ratleiksdag býr ávallt til góða stemmingu hjá stærstum hluta nemenda.

Unglingadeildin heldur sinn ratleik í miðbænum og endar á kakósopa í Hellisgerði. Aðrir nemendur þreyta sinn ratleik hér í kringum skólann.

Þetta árið var ákveðið að halda bekkjar-einingunum saman og lukkaðist það vel enda var nýbúið að blanda hópum í fjölgreindaleikunum.

Vel skipulagt verkefni hjá íþróttakennurum skólans.



## FJÖLGREINDA LEIKAR

Frábær stemming á fjölgreindaleikum í skólanum á dögnum

Fjölgreindaleikar voru haldnir í annað sinn í skólanum á dögnum. Hugmyndafræði leikanna byggir á fjölgreindapælingum Gardners.

Á leikunum setja kennarar upp margar ólíkar stöðvar sem nemendur fara í gegnum á tveimur skóladögum.

Öllum nemendum skólans er skipt upp í hópa og eru elstu nemendurnir fyrirliðar yfir sínum hópi. Frábært er að sjá fyrirliðana stýra sínu fólki milli stöðva og í matartímum. Með blöndun í hópa kynnast eldri og yngri nemendur betur og gjarnan myndast ný vináttubönd.

Framúrskarandi dagar í Áslandsskóla.

### MYNDIR


Myndir á þessari opnu eru frá fullveldisratleik og fjölgreindaleikum



## Á JÓLUNUM ER GLEÐI OG GAMAN

Á jólunum er gleði og gaman  
fúm, fúm, fúm  
Þá koma allir krakkar með  
í kringum jólatréð.

Þá mun ríkja gleði og gaman,  
allir hlægja og syngja saman  
fúm, fúm, fúm!



## STJÖRNU-SÆVAR

### STJÖRNUSKOÐUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Það er gaman að fá einstakling í heimsókn sem þekkir flest á milli himins og jarðar.

Stjörnuáhugamaðurinn og jarðfræðingurinn Sævar Helgi Bragason kom í heimsókn í Áslandsskóla á dögnum og spjallaði við nemendur og starfsfólk.

Óhætt er að segja að heimsóknin hafi heppnast stjarnfræðilega vel og allir himinlifandi.

Sævar spjallaði við nemendur í þremur hópum, yngri deild, miðdeild og síðast unglिंगadeild. Hvert innlegg var ólíkt og sérstakt.

Sævar fræddi nemendur auk þess sem hann kenndi þeim nokkrar tilraunir á sal skólans.

Á myndinni hér fyrir ofan er Sævar Helgi með fyrrum kennara sínum úr grunnskóla og kennara við Áslandsskóla, Garðari Guðmundssyni.

## HAFRAGRATUR

### NEMENDUR Í UNGLINGAÐEILD SNÆÐA HAFRAGRAUT Í MORGUNVERÐ

Sú skemmtilega nýbreytni að bjóða nemendum unglिंगadeildar í hafragraut í morgunverð í skólanum var tekin upp um síðustu mánaðamót.

Nemendur geta komið á bilinu kl. 7.45-8.05 og fengið sér hafragraut og hefur þátttökan verið mjög góð.

Þess ber að gera að foreldrar eru velkomnir í hafragraut ef þeir hafa tök á að líta við hjá okkur á ofangreindum tíma dags.

## KÓR

KÓRINN okkar hefur verið á ferðinni í adraganda jóla-anna. Erla María Hilmarsdóttir stýrir kórnum á meðan Díana Ívarsdóttir er í leyfi. Kórinn söng í Hafnarborg á Syngjandi jólum í byrjun desember. Þá hélt kórinn á Hrafnistu og söng fyrir vistfólk þar. Með í för voru nemendur úr 7. bekk sem voru með upplestur.



## Á döfinni

DESEMBER & JANÚAR

20

DES  
Jólaböll (flest) 20. des

4

5

13

JAN  
Skipulagsdagur 4. jan  
Skóli skv stundaskrá 5. jan  
Fyrsta próf í unglिंगadeild 13. jan

## ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1  
221 Hafnarfirði  
S: 585 4600

Netfang: aslandsskoli@aslandsskoli.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórgoðans:  
LEIFUR S. GARÐARSSON  
Skólastjóri